Námsáætlun

Kennari:	**Hanna Lára Baldvinsdóttir**
Áfangi/fag:	**NÁMS1VN03 - Námstækni**

Stutt lýsing

Námstækni gengur út á að kynna nemendum árangursríkar aðferðir í námi, leiðir til að efla sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð. Einnig að styðja nemendur í að setja sér raunhæf markmið og axla ábyrgð á eigin námi.

Undanfari: enginn.

Markmið (námsmarkmið og viðmið um þekkingu, leikni og hæfni)

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Stuðla að því að nemendur meti og endurskoði námsvenjur sínar og aðrar lífsvenjur sem geta haft áhrif á nám
- Sjálfsþekking, stuðla að því og kenna nemendum að skipuleggja tíma sinn og setja sér skýr markmið í námi.

Leiknviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að**:**

- Beita góðri námstækni
- Taka þátt í umræðum og tjá eigin skoðanir, jafnframt að tjá sig fyrir framan nemendahópinn
- Þekkja eigin styrkleika og veikleika

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Setja sér raunhæf markmið sem tengjast námi og starfi
- Bæta námsárangur t.d. með tímastjórnun og minnistækni
- Nota árangursríkar námsaðferðir
- Taka ábyrgð á eigin námi

Námsgögn (bækur, tímarit, vefsíður o.fl.)

Ljósritað lesefni frá kennara, vefsíður og myndbönd. Microsoft Teams hópur.
Hringsjá útvegar allt námsefni fyrir nemendur.

Námsmat

Mæting og tímaverkefni: 30% (virkni í tímum; þátttaka í umræðum og samvinna)
Upprifjunarverkefni: 20%
Lokakönnun: 50% (hér þarf að ná að lágmarki 4,5 til að ná áfanganum)

Nemandi þarf að ná 80% mætingu til að ljúka áfanga.